

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsagnarstofnanir og almennar íbúðir, nr. 183/2020.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. reglugerðarinnar:

- a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Skal hámarksbyggingarkostnaður íbúða skv. 1. másl. reiknaður þannig að heildarfermetraverð á hvern brúttófermetra rýma byggingar í lokunarflokki A og B skv. ÍST50, fari ekki yfir 377.000 kr. að viðbættum 8.700.000 kr. fastakostnaði á hverja íbúð auk 15.000.000 kr. fastakostnaði samanlagt fyrir hverja lyftu og lyftuhús í viðkomandi verk-efni, sé gerð krafa um lyftu í húsnæðinu samkvæmt byggingarreglugerð.
- b. 2. mgr. orðast svo: Hámarksbyggingarkostnaður skv. 1. mgr. skal vera í heilum þúsundum króna og koma til endurskoðunar fyrir hverja úthlutun stofnframlaga með hliðsjón af þróun vísitölu byggingarkostnaðar, þróun á gjaldeyrismarkaði, þróun hrávöruverðs, þróun launa-vísitölu, þróun fjármagnskostnaðar og endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 10. mgr. 11. gr. og 27. gr. laga um almennar íbúðir, nr. 52/2016, öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 22. september 2023.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Hólmfríður Bjarnadóttir.*

B-deild – Útgáfudagur: 6. október 2023